

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Vesturbyggð.

I. KAFLI Gildissvið og gjaldtökuheimild.

1. gr.

Almenn heimild.

Heimilt er að taka gjald fyrir veitta þjónustu og verkefni byggingarfulltrúa, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyprtar sérfræðiþjónustu, útgáfu byggingarleyfis, útgáfu stöðuleyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorða sem byggingarfulltrúi lætur í té skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010.

Samkvæmt gjaldskrá þessari er heimilt að taka gjald vegna skipulags- og framkvæmdaleyfa skv. ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010.

II. KAFLI Byggingarleyfisgjald.

2. gr.

Flokkun bygginga og gjaldskrá.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 7 m² eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, yfirferð teikninga og reglubundið eftirlit.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt eftirfarandi töflu skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis:

| <i>Tegund byggingar</i> | <i>Grunngjald</i> | <i>m³ gjald</i> |
|------------------------------------------------------------------------------------|-------------------|----------------------------|
| A. Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum í þéttbýli | 51.379 kr. | 386 kr. |
| B. Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum utan þéttbýlis | 51.379 kr. | 258 kr. |
| C. Iðnaðarhúsnæði | 102.758 kr. | 206 kr. |
| D. Atvinnuhúsnæði, verslun, þjónusta o.þ.h. | 154.134 kr. | 386 kr. |
| E. Sérhæfðar byggingar fyrir opinberar stofnanir, félagsheimili, samkomuhús o.þ.h. | 154.134 kr. | 386 kr. |
| F. Minniháttar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir | 13.926 kr. | 70 kr. |
| G. Útihús á lögbýlum | 27.852 kr. | 139 kr. |
| H. Stækkun húsnæðis, viðbyggingar, bílskúrar o.þ.h. 60 m ² eða minna | 51.379 kr. | 386 kr. |
| I. Niðurrif húsa | 13.230 kr. | 0 kr. |
| J. Endurnýjun eldra byggingarleyfis | 13.230 kr. | 0 kr. |

III. KAFLI Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

3. gr.

Gjaldskrá.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld samkvæmt eftirfarandi töflu eru með gjalddaga 30 dögum eftir að þjónusta er veitt:

| <i>Tegund þjónustu</i> | <i>Gjald</i> | <i>Athugasemd</i> |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------|-------------------|
| A. Útgáfa stöðuleyfis, ásamt eftirliti og úttekt byggingarfulltrúa, sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h. og aðrar afgreiðslur skipulags- og umhverfisráðs og byggingarfulltrúa, skipulagt svæði | 18.043 kr. | |

| | | | |
|----|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------|-------------|
| B. | Útgáfa stöðuleyfis, ásamt eftirliti og úttekt byggingarfulltrúa, sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h. og aðrar afgreiðslur skipulags- og umhverfisráðs og byggingarfulltrúa, utan skipulagðs svæðis | 48.503 kr. | |
| C. | Lóðarúthlutunargjald | 39.692 kr. | óendurkræft |
| D. | Fokheldisvottorð | 15.877 kr. | |
| E. | Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt | 46.309 kr. | |
| F. | Eignaskiptayfirlýsing, hver umfjöllun | 52.926 kr. | |
| G. | Önnur vottorð | 26.464 kr. | |
| H. | Endurskoðun aðaluppdráttá | 26.464 kr. | |
| I. | Stofnun fasteigna í Þjóðskrá Íslands | 26.464 kr. | |
| J. | Aukaúttekt byggingarfulltrúa | 46.309 kr. | |
| L. | Gjald fyrir framlengingu lóðarúthlutunar | 26.464 kr. | |
| M. | Fyrir útgáfu lóðarleigusamnings | 26.464 kr. | |
| N. | Fyrir breytingu á lóðarsamningi | 26.464 kr. | |
| O. | Fyrir breytingu á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs | 26.464 kr. | |
| R. | Fyrir hverja útsetningu lóðar/húss á mælingu | tilboð | |
| S. | Vottorð um byggingastig húsa | 26.464 kr. | |
| T. | Skráning matshluta í Þjóðskrá Íslands | 26.464 kr. | |
| U. | Aðalskipulag, afgreiðslugjald | 11.908 kr. | á klst. |
| V. | Deiliskipulag, afgreiðslugjald | 11.908 kr. | á klst. |
| X. | Byggingarfulltrúi, tímagjald | 13.231 kr. | á klst. |
| Y. | Útkall byggingarfulltrúa | 13.231 kr. | á klst. |
| Z. | Afgreiðslugjald byggingarleyfa | 18.043 kr. | |

IV. KAFLI

Gjaldtaka á grundvelli skipulagslaga.

4. gr.

Meginreglur.

Aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skal greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttá, breytinga á uppdráttum og kynninga vegna málsins, að undanskildnum auglýsingakostnaði. Bæjarstjórn getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við 13.–16. gr. skipulagslaga ákveður bæjarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar að fenginni tillögu skipulagsfulltrúa. Fjárhæð gjaldsins skal ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við undirbúning leyfis og lögbundins eftirlits s.s. umsýslu og málsmeðferð skipulagsfulltrúa, utanaðkomandi sérfræðivinnu, nauðsynlegra umsagna, auglýsinga o.s.frv. Lágmarksgjald skal þó vera 53.240 kr.

Þegar álit Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 með síðari breytingum er nauðsynlegt vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þess, hluti af kostnaði við undirbúning leyfis.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyptar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 13.146 kr. án virðisaukaskatts eða gjald skv. reikningi.

5. gr.

Skilgreiningar.

Afgreiðslugjald: Gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um byggingarleyfi, framkvæmdaleyfi og skipulagsbreytingar. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við móttöku og yfirferð erindisins. Gjaldið er ekki endurkræft þótt umsókn sé dregin til baka eða synjað.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: Kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingu auglýsinga og vegna annarrar umsýslu.

Breytingarkostnaður: Kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppráttum.

6. gr.

*Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.**Afgreiðslugjald.*

Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 36. gr. skipulagslaga, viðmiðunargjald, án vsk. 11.617 kr./klst.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 47.630 kr.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga 23.818 kr.

7. gr.

*Kostnaður vegna deiliskipulags.**15.1 Nýtt deiliskipulag.*

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga – vinna skv. reikningi, án vsk. 11.908 kr./klst.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga 23.818 kr.

15.2 Verulegar breytingar.

Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga – vinna skv. reikningi, án vsk. 12.033 kr./klst.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna verulegra breytinga, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga 47.630 kr.

15.3 Óverulegar breytingar.

Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga – vinna skv. reikningi, án vsk. 11.908 kr./klst.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 23.818 kr.

15.4 Grenndarkynning.

Fyrir minniháttar grenndarkynningu 26.464 kr.

Fyrir umfangsmikla grenndarkynningu 52.925 kr.

Umframvinna byggingarfulltrúa, án vsk. 11.908 kr./klst.

8. gr.

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.

Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðmiðunargjald 33.078 kr.

Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald 32.727 kr.

Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi 23.818 kr.

Vegna málsmeðferðar tilkynnta framkvæmda, skv. 2.3.5 og 2.3.6 gr. í byggingarreglugerð, greiðist afgreiðslugjald kr. 53.240. Innifalið í gjaldi er móttaka og varðveisla gagna, yfirferð m.t.t. samræmis við skipulag og skráningu í fasteignaskrá.

V. KAFLI

Greiðsluskilmálar og gildistaka.

9. gr.

Greiðsluskilmálar.

Innheimta skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja þá framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Byggingarleyfi öðlast gildi við greiðslu byggingarleyfisgjalds. Innifalið í gjaldinu er lögboðin meðferð byggingarleyfisskyldra erinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útsetning húss og reglubundið eftirlit eftir því sem við á.

Heimilt er að semja um greiðslufrest og skal það gert skv. sérstökum greiðslusamningi.
Afgreiðslu- og þjónustugjöld skv. 9. gr. skal greiða innan mánaðar frá því að þjónustan var veitt.

10. gr.
Gildistaka.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar skv. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Fjárhæðir samkvæmt gjaldskrá þessari taka breytingum fyrsta hvers mánaðar samkvæmt breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar, 148,4 stig í október 2020.

Samþykktin öðlast gildi 1. janúar 2021 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi á sama tíma samþykkt um byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Vesturbyggð nr. 1280/2019.

Vesturbyggð, 10. desember 2020.

Rebekka Hilmarsdóttir bæjarstjóri.